

ERINDISBRÉF

fyrir fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar.

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Fjölskyldu- og frístundanevnd heyrir undir sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Í fjölskyldu- og frístundanevnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Auk nefndarmanna á sveitarstjóri eða staðgengill hans, frístunda- og menningarfulltrúi og félagsmálastjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndinni er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Fjölskyldu- og frístundanevnd kýs formann, varaformann og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað.

Félagsmálastjóri er starfsmaður nefndarinnar.

3. gr.

Hlutverk

Fjölskyldu- og frístundanevnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, jafnréttismál sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 13. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020, verkefni á sviði húsnæðismála sbr. ákvæði laga um húsnæðismál nr. 44/1998, ákvæði laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og laga um almennar leiguíbúðir nr. 52/2016, málefni fatlaðs fólks samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, málefni aldraðra sbr. ákvæði laga nr. 125/1999, málefni innflytjenda sbr. ákvæði laga nr. 116/2012, verkefni v/ daggæslu í heimahúsum sbr. reglugerð nr. 907/2005 auk verkefna á sviði forvarna. Fjölskyldu- og frístundanevnd er einnig falin yfirstjórn barnaverndarþjónustu samkvæmt 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fjölskyldu- og frístundanevnd hefur umsjón með starfsemi styrkveitinga og samskiptum sveitarfélagsins við einstaklinga og félög vegna frístundamála. Fjölskyldu- og frístundanevnd fylgist með að starfsemi íþróttar- og æskulýðsstarfs sé samkvæmt ákvæðum æskulýðslaga nr. 70/2007. Fjölskyldu- og frístundanevnd skal hlutast til um mótun, setningu og endurskoðun forvarnarstefnu og skipulag forvarnarstarfs. Fjölskyldu- og frístundanevnd hefur

umsjón með frístunda- og íþróttamálum á vegum sveitarfélagsins m.a. skoðun á framboði tómtunda- og félagsstarfs í sveitarfélaginu. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur umsjón með rekstri vinnuskóla í Hvalfjarðarsveit og íþróttamannvirkjum og sundlaugum sem falla undir umsjón frístunda- og menningarfulltrúa.

Hlutverk fjölskyldu- og frístundanefndar er eftirfarandi:

- Fara með yfirstjórn barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu, markmið og úrbætur í málaflokkum sem undir nefndina heyra.
- Að fara með stjórn og framkvæmd lögbundinnar félagsþjónustu í sveitarfélaginu, þó ekki þeirra málaflokka sem öðrum er falið að sinna.
- Að vinna tillögur að reglum um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustunnar.
- Að hafa umsjón með og annast úthlutun styrkja úr Íþrótt- og æskulýðssjóði Hvalfjarðarsveitar.
- Að hafa eftirlit með stofnunum sem heyra undir nefndina og fylgjast með því að þær vinni að settum markmiðum í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, samþykktir og stefnu sveitarstjórnar og veiti góða þjónustu.
- Að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar svo og starfsáætlun hvers árs.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar.

4. gr.

Starfshættir

Í störfum sínum skal fjölskyldu- og frístundanefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið hennar heyra. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvalfjarðarsveitar eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni.

Fjölskyldu- og frístundanefnd skal í upphafi kjörtímabils setja sér aðgerðaráætlun um meginmarkmið í starfsháttum og hvernig hlutverk nefndarinnar verði leyst á faglegan og skilvirknan hátt. Aðgerðaráætlun skal lögð fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Fjölskyldu- og frístundanefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fast ákveðnum fundartíma að jafnaði annan hvern mánuð. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum.

Félagsmálastjóri sér um að boða nefndina til fundar í samráði við formann hennar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti og fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður fjölskyldu- og frístundanevndar stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Nefndin skal halda gerðabók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One System og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þessa ákvæðis.

Fundargerðum kemur félagsmálastjóri strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Félagsmálastjóri sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu sveitarstjórnar.

Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Formenn nefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári t.d. í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar eða þegar verkefni nefnda skarast eða ef mál þarfnast umfjöllunar í fleiri en einni nefnd.

5. gr.

Eftirfylgni

Formaður fjölskyldu- og frístundanevndar og aðrir fulltrúar í nefndinni skulu, eftir því sem við á, snúa sér til félagsmálastjóra eða sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykka nefndarinnar.

6. gr.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fjölskyldu- og frístundanevnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Fulltrúa í nefndinni er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í nefndinni á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til félagsmálastjóra eða formanns a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í nefndinni skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu um málefni í fjölskyldu- og frístundanefnd.

Fulltrúar í fjölskyldu- og frístundanefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið nefndarinnar og nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í nefndinni, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúar í nefndinni skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúa í nefndinni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11. janúar 2023.